

**Ed.**

**337. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12, 31. maí 1927, skal orða svo:

Nú hefir kaupún eða þorp 200 íbúa eða fleiri, og hefir það þá rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er ráðherra ákveður eftir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Ráðherra kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfélagi og hinum

hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þess farið eftir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefir verið skipt 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Frv. þetta fer fram á að rýmka rétt kaптúna til þess að verða sérstakur hreppur. Nú er í sveitarstjórnarlögum ákveðið, að kaптún eða þorp, sem hefir 300 íbúa eða fleiri, hafi rétt á að fá sérstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig. Hér er stungið upp á þeirri breytingu einni, að kaптún með 200 íbúa eða fleiri geti krafizt þessa.

Verður nánari grein gerð fyrir málinu við flutning þess.